

BÓKUN 30 ^{1}**UM SÉRSTÖK ÁKVÆÐI VARÐANDI SKIPULAGNINGU SAMVINNU Á SVIÐI HAGSKÝRSLUGERÐAR**

1. gr.

Almenn ákvæði

1. ^{2} Ráðstefna fulltrúa frá hagstofum samningsaðila, Hagstofu Evrópubandalaganna (Eurostat) og hagskýrsluskrifstofu EFTA (ESO) skal leiða samstarf á sviði hagskýrslugerðar og semja áætlanir og verklagsreglur fyrir slíkt samstarf í góðu samræmi við áætlanir og verklagsreglur Bandalagsins og fylgjast með framkvæmd þeirra. Þessi ráðstefna og nefnd um Evrópska hagskýrslukerfið (NEH) skulu skipuleggja störf sín í tengslum við bókun þessa á sameiginlegum fundum með heitinu NEH/EES-ráðstefna í samræmi við sérstakar starfsreglur sem NEH/EES-ráðstefnan setur.
2. EFTA-ríkin skulu frá upphafi samstarfs um áætlanir og aðgerðir, sem um getur í bókun þessari, taka fullan þátt í starfi EB-nefnda og annarra stofnana sem eru framkvæmdastjórn EB til aðstoðar við stjórnun og mótun þessara ááætla og aðgerða, þó án atkvæðisréttar.
3. Hagskýrsluupplýsingar EFTA-ríkjanna skulu sendar Hagstofu Evrópubandalagsins til varðveislu, vinnslu og dreifingar. Í þessu skyni skal ESO sjá til þess í náinni samvinnu við EFTA-ríkin og Eurostat að gögn frá EFTA-ríkjunum séu send á réttan hátt og að þeim sé dreift til einstakra notendahópa eftir venjulegum leiðum sem hluta af EES-hagskýrslum.
4. EFTA-ríkin skulu bera þann aukakostnað sem Eurostat hefur af varðveislu, vinnslu og dreifingu gagna frá þeim löndum.
5. EFTA-ríkin skulu greiða hluta af almennum útgjöldum Bandalagsins vegna þátttöku þessara ríkja í áætlunum og aðgerðum sem um getur í bókun þessari, öðrum en þeim sem tengjast varðveislu, dreifingu og vinnslu gagna í samræmi við staflað b) í 1. mgr. 82. gr. samningsins.
6. ^{3} Um meðferð hagskýrslna frá EFTA-ríkjunum skal fara eftir ákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 frá 11. mars 2009 um evrópskar hagskýrslur (Stjtið. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 164), eins og henni var breytt með:

- ^{4} **32015R0759** - Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/759 frá 29. apríl 2015 (Stjtið. ESB L 123, 19.5.2015, bls. 90).
7. ^{5} ESO og Eurostat skulu semja árlega sameiginlega skýrslu þar sem lagt er mat á árangur af markmiðum, forgangsroðun og aðgerðum samkvæmt bókun þessari og skal skýrslan lögð fyrir NEH/EES-ráðstefnunna sem um getur í 1. mgr. og sameiginlegu EES-nefndina.

^{1} Texta bókunar 30 var skipt út með ákvörðun nr. 75/2008 (Stjtið. ESB L 257, 25.9.2008, bls. 41 og EES-viðbætur nr. 58, 25.9.2008, bls. 23), gildistaka 7.6.2008. Hún kemur til framkvæmda frá 1.1.2008..

^{2} Orðum í 1. gr. var skipt út með ákvörðun nr. 153/2009 (Stjtið. ESB L 62, 11.3.2010, bls. 56 og EES-viðbætur nr. 12, 11.3.2010, bls. 54), gildistaka 5.12.2009.

^{3} Texta 6. liðar (reglugerð ráðsins 322/97) var skipt út með ákvörðun nr. 153/2009 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 5.12.2009.

^{4} Undirliðnum og orðunum „eins og henni var breytt með:“ var bætt við með ákvörðun nr. 98/2019 (Stjtið. ESB L 210, 2.7.2010, bls. 84 og EES-viðbætur nr. 44, 2.7.2010, bls. 101), gildistaka 1.11.2019.

^{5} Orði í 7. gr. var skipt út með ákvörðun nr. 153/2009 (Stjtið. ESB L 62, 11.3.2010, bls. 56 og EES-viðbætur nr. 12, 11.3.2010, bls. 54), gildistaka 5.12.2009.

2. gr.

[] {⁶}

3. gr.

Hagskýrsluáætlun 2008 til 2012

1. Hagskýrsluáætlun Bandalagsins 2008 til 2012, sbr. ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins sem um getur í 4. mgr., skal lögð til grundvallar aðgerðum EES á sviði hagskýrslna frá 1. janúar 2008 til 31. desember 2012. Öll meginsvið og hagskýrsluefnissvið í hagskýrsluáætlun Bandalagsins 2008 til 2012 teljast skipta máli fyrir hagskýrslusamstarf EES og geta EFTA-ríkin tekið fullan þátt í þeim.
2. Frá 1. janúar 2008 skulu hagskýrsluskrifstofa EFTA og Eurostat semja sameiginlega ár hvert sérstaka árlega hagskýrsluáætlun EES. Hin árlega hagskýrsluáætlun EES skal samin sem hlutmengi og hliðstæða árlegrar vinnuáætlunar sem framkvæmdastjórnin tekur saman í samræmi við ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins sem um getur í 4. mgr. Samþykkt hinnar árlegu hagskýrsluáætlunar EES skal eiga sér stað í samræmi við eigin málsmeðferð hvers samningsaðila um sig.
3. Frá 1. janúar 2008 skulu EFTA-ríkin greiða framlag í samræmi við staflið a) í 1. mgr. 82. gr. samningsins og tilheyrandi fjárhagsreglugerðir sem nemur 75 % af fjárhæðinni sem tilgreind er í fjárlagaliðum 29 02 03 og 29 01 04 01 (Stefna á sviði hagskýrslugagna) í fjárlögum Bandalagsins.
4. Eftirfarandi lagagerð Evrópubandalagsins varðar þessa grein:
 - **32007D1578** - Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1578/2007/EB frá 11. desember 2007 um hagskýrsluáætlun Bandalagsins 2008 til 2012 (Stjttíð. ESB L 344, 28.12.2007, bls. 15).

4. gr. {⁷}

Nútímavæðing evrópskra hagskýrslna um fyrirtæki og viðskipti (MEETS)

1. EFTA-ríkin skulu taka þátt í þeim áætlunum og aðgerðum Bandalagsins, sem um getur í 4. mgr., frá 1. janúar 2009.
2. Markmið 1, 2 og 3 og aðgerðir, sem tengjast þeim og mælt er fyrir um í árlegum vinnuáætlunum sem framkvæmdastjórnin samþykkir í samræmi við ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins sem um getur í 4. mgr., teljast varða hagskýrslusamstarf EES og geta EFTA-ríkin tekið fullan þátt í þeim.
3. Frá 1. janúar 2009 skulu EFTA-ríkin greiða framlag í samræmi við staflið a) í 1. mgr. 82. gr. samningsins og tilheyrandi fjárhagsreglugerðir sem nemur 75% af fjárhæðinni sem tilgreind er í fjárlagaliðum 29 02 04 og 29 01 04 04 (Nútímavæðing evrópskra hagskýrslna um fyrirtæki og viðskipti) í fjárlögum Bandalagsins.

{⁶} Texti 2. gr. var felldur brott með ákvörðun nr. 147/2014 (Stjttíð. ESB L 342, 27.11.2014, bls. 56 og EES-viðbætur nr. 71, 27.11.2014, bls. 54), gildistaka 28.6.2014. Hún kemur til framkvæmda frá 1.1.2014.

{⁷} Texta 4. gr. var bætt við með ákvörðun nr. 90/2009 (Stjttíð. ESB L 277, 22.10.2009, bls. 43 og EES-viðbætur nr. 56, 22.10.2009, bls. 21), gildistaka 4.7.2009. Hún kemur til framkvæmda frá 1.1.2009.

4. Þessi grein lýtur að eftirfarandi Bandalagsgerð:
- **32008D1297** - Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1297/2008/EB frá 16. desember 2008 um áætlun um nútímavæðingu evrópskra hagskýrslna um fyrirtæki og viðskipti (MEETS) (Stjtið. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 76).

5. gr.^{8}

Hagskýrsluáætlun 2013 til 2020

1. Þessi grein lýtur að eftirfarandi gerð:
- **32013R0099** - Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 99/2013 frá 15. janúar 2013 um evrópsku hagskýrsluáætlunina 2013-2017 (Stjtið. ESB L 39, 9.2.2013, bls. 12), eins og henni var breytt með:
 - ^{9} **32013R1383** - Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1383/2013 frá 17. desember 2013 (Stjtið. ESB L 354, 28.12.2013, bls. 84),
 - ^{10} **32017R1951** - Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1951 frá 25. október 2017 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2017, bls. 1).
- 2.^{11} Evrópsk hagskýrsluáætlun 2013–2020, sbr. reglugerð (ESB) nr. 99/2013, skal lögð til grundvallar aðgerðum EES á sviði hagskýrslna frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2020. Öll meginvið evrópskar hagskýrsluáætlunar 2013-2020 teljast skipta máli fyrir hagskýrslusamstarf EES og geta EFTA-ríkin tekið fullan þátt í þeim.
- 3.^{12} Hagskýrsluskrifstofa EFTA og Eurostat skulu semja sameiginlega sérstaka hagskýrsluáætlun EES fyrir árið 2013 til 2020. Hagskýrsluáætlun EES skal samin sem hlutmengi og hliðstæða árlegrar vinnuáætlunar sem framkvæmdastjórnin tekur saman í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 99/2013. Samþykkt hagskýrsluáætlunar EES skal eiga sér stað samkvæmt eigin málsmeðferð hvers samningsaðila um sig.
- 4.^{13} EFTA-ríkin skulu leggja fjármagn til starfseminnar sem vísað er til í þessari grein í samræmi við a-lið 1. mgr. 82. gr. samningsins og tilheyrandi fjárhagsreglugerðir sem nemur 75% af fjárhæðinni.

^{8} Texta 5. gr. var bætt við með ákvörðun nr. 134/2013 (Stjtið. ESB L 345, 19.12.2013, bls. 2 og EES-viðbætur nr. 72, 19.12.2013, bls. 2), gildistaka 9.7.2013. Hún kemur til framkvæmda frá 1.1.2013. Orðunum „2013 til 2017“ í fyrirsögninni var skipt út með ákvörðun nr. 147/2014 (Stjtið. ESB L 342, 27.11.2014, bls. 56 og EES-viðbætur nr. 71, 27.11.2014, bls. 54), gildistaka 28.6.2014. Hún kemur til framkvæmda frá 1.1.2014. Orðinu „2017“ í fyrirsögninni var skipt út fyrir orðið „2020“ með ákvörðun nr. 169/2014 (Stjtið. ESB L 67, 25.2.2014, bls. 65 og EES-viðbætur nr. 13, 25.2.2014, bls. 70), gildistaka 7.7.2018. Hún kemur til framkvæmda frá 1.1.2014.

^{9} Undirlíðnum og orðunum „eins og henni var breytt með:“ var bætt við með ákvörðun nr. 147/2014 (Stjtið. ESB L 342, 27.11.2014, bls. 56 og EES-viðbætur nr. 71, 27.11.2014, bls. 54), gildistaka 28.6.2014. Hún kemur til framkvæmda frá 1.1.2014.

^{10} Undirlíðnum og orðunum „eins og henni var breytt með:“ var bætt við með ákvörðun nr. 147/2014 (Stjtið. ESB L 342, 27.11.2014, bls. 56 og EES-viðbætur nr. 71, 27.11.2014, bls. 54), gildistaka 28.6.2014. Hún kemur til framkvæmda frá 1.1.2014.

^{11} Texta 2. mgr. 5. gr. var bætt við með ákvörðun nr. 134/2013 (Stjtið. ESB L 345, 19.12.2013, bls. 2 og EES-viðbætur nr. 72, 19.12.2013, bls. 2), gildistaka 9.7.2013. Hún kemur til framkvæmda frá 1.1.2013; og var síðar skipt út með ákvörðun nr. 147/2014 (Stjtið. ESB L 342, 27.11.2014, bls. 56 og EES-viðbætur nr. 71, 27.11.2014, bls. 54), gildistaka 1.1.2014. Hún kemur til framkvæmda frá 1.1.2014. Orðunum „2013-2017“ og „31. desember 2017“ var skipt út fyrir orðin „2013-2020“ og „31. desember 2020“ með ákvörðun nr. 169/2018 (Stjtið. ESB L 67, 25.2.2021, bls. 65 og EES-viðbætur nr. 13, 25.2.2021, bls. 70), gildistaka 7.7.2018. Hún kemur til framkvæmda frá 1.1.2018.

^{12} Texta 3. mgr. 5. gr. var bætt við með ákvörðun nr. 134/2013 (Stjtið. ESB L 345, 19.12.2013, bls. 2 og EES-viðbætur nr. 72, 19.12.2013, bls. 2), gildistaka 9.7.2013. Hún kemur til framkvæmda frá 1.1.2013; og var síðar skipt út með ákvörðun nr. 147/2014 (Stjtið. ESB L 342, 27.11.2014, bls. 56 og EES-viðbætur nr. 71, 27.11.2014, bls. 54), gildistaka 28.6.2014. Hún kemur til framkvæmda frá 1.1.2014. Orðunum „2013-2017“ var skipt út fyrir orðin „2013-2020“ með ákvörðun nr. 169/2014 (Stjtið. ESB L 67, 25.2.2021, bls. 65 og EES-viðbætur nr. 13, 25.2.2021, bls. 70), gildistaka 7.7.2018. Hún kemur til framkvæmda frá 1.1.2018.

^{13} Texta 4. mgr. 5. gr. var bætt við með ákvörðun nr. 134/2013 (Stjtið. ESB L 345, 19.12.2013, bls. 2 og EES-viðbætur nr. 72, 19.12.2013, bls. 2), gildistaka 9.7.2013. Hún kemur til framkvæmda frá 1.1.2013; og var síðar skipt út með ákvörðun nr. 147/2014 (Stjtið. ESB L 342, 27.11.2014, bls. 56 og EES-viðbætur nr. 71, 27.11.2014, bls. 54), gildistaka 28.6.2014. Hún kemur til framkvæmda frá 1.1.2014. Textanum var síðar skipt út með ákvörðun nr. 169/2018 (Stjtið. ESB L 67, 25.2.2021, bls. 65 og EES-viðbætur nr. 13, 25.2.2021, bls. 70), gildistaka 7.7.2018. Hún kemur til framkvæmda frá 1.1.2018. Textanum var síðar skipt út með ákvörðun nr. 262/2021 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 25.9.2021. Hún kemur til framkvæmda frá 1.1.2021.

6. gr. {¹⁴}

Hagskýrsluaðgerðir 2021–2027

1. Þessi grein varðar eftirfarandi lagagerð:
 - **32021R0690** - Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/690 frá 28. apríl 2021 um að koma á áætlun fyrir innri markaðinn, samkeppnishæfni fyrirtækja, þar með talin lítil og meðalstór fyrirtæki, á sviði plantna, dýra, matvæla og fóðurs og evrópskar hagskýrslur (e. Single Market Programme) og um niðurfellingu á reglugerðum (ESB) nr. 99/2013, (ESB) nr. 1287/2013, (ESB) nr. 254/2014 og (ESB) nr. 652/2014 (Stjtið. ESB L 153, 3.5.2021, bls. 1).
2. Hið sérstaka markmið sem skilgreint er í f-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) verður umgjörðin fyrir hagskýrsluaðgerðir EES sem verða framkvæmdar milli 1. janúar 2021 og 31. desember 2027. Öll helstu svið evrópskra hagskýrslna skulu teljast hafa þýðingu að því er varðar hagskýrslusamstarf EES og vera opin með tilliti til fullrar þátttöku af hálfu EFTA-ríkjanna.
3. Sérstök EES hagskýrsluáætlun fyrir 2021–2027 skal unnin sameiginlega með þátttöku hagstofu EFTA-ríkjanna og Hagstofu Evrópusambandsins. EES hagskýrsluáætlunin skal byggjast á hlutmengi og samin samhliða hinni árlegu starfsáætlun sem framkvæmdastjórnin vinnur í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/690. Samningsaðilarnir skulu samþykkja EES hagskýrsluáætlunina í samræmi við þeirra eigin innri málsmeðferð.
4. EFTA-ríkin skulu leggja fjármagn til hagskýrslustarfseminnar sem getið er í f-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2021/690 í samræmi við a-lið 1. mgr. 82. gr. samningsins og tilheyrandi fjármálareglugerðir sem nemur 75% af fjárhæðinni.
5. Kostnaður sem fellur til vegna starfsemi sem kemur til framkvæmda eftir 1. janúar 2021 kann að teljast hæfur frá og með upphafsdegi viðkomandi aðgerðar sem ákveðin er í styrksamningi eða viðkomandi ákvörðun um styrk, með þeim skilyrðum sem þar koma fram, að því tilskildu að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 262/2021 frá 24. september 2021 öðlist gildi áður en aðgerðinni lýkur.

{¹⁴} Texta 6. gr. var bætt við með ákvörðun nr. 262/2021 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 25.9.2021. Hún kemur til framkvæmda frá 1.1.2021.